

AUGLÝSING

um viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra um ákvörðun á lækkun á skattstofnum (ívilnun) við álagningu opinberra gjalda á árinu 2026.

Við tilteknað aðstæður er heimilt að óska eftir lækkun á skattstofnum einstaklinga samkvæmt 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Óska þarf eftir lækkun (ívilnun) í skattframtali. Fylla þarf út þar til gerða umsókn (RSK 3.05) á þann hátt sem hún gerir ráð fyrir. Gera þarf grein fyrir ástæðum umsóknar og aðstæðum, sýna fram á útlagðan kostnað á viðkomandi ári og leggja fram önnur gögn eftir því sem við á. Sé umsókn ekki útfyllt samkvæmt því sem form hennar gerir ráð fyrir eða hún er á annan hátt ófullnægjandi þannig að nauðsynlegar upplýsingar komi ekki fram, gögn fylgja ekki eða eru ófullnægjandi er umsókninni synjað að svo stöddu.

Heimild ríkisskattstjóra til lækkunar á skattstofnum getur einkum átt við vegna sérstakra áfalla, svo sem slysa eða veikinda, sérstakra útgjalda vegna þungrar framfærslu, en einnig ef maður verður fyrir verulegu óbættu eignatjóni, tapar kröfum eða á hann falla ábyrgðir sem ekki stafa af atvinnurekstri.

Um ákvörðun á ívilnun við álagningu opinberra gjalda á árinu 2026 gilda eftirfarandi reglur. Komi eitthvað það fram af hálfu umsækjanda sem t.d. sýnir fram á einhverja sérstöðu í viðkomandi máli þá er það skoðað sérstaklega.

A. Ef ellihörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega (samanber 1. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Lækkun kemur til álita ef veikindi, slys, ellihörleiki eða mannslát hafa í för með sér verulega skert gjaldþol hjá einstaklingi. Fyrst og fremst er litið til þess að til hafi fallið kostnaður sem einstaklingurinn hefur greitt sjálfur og er umfram það sem telst venjulegur almennur kostnaður, t.d. vegna lyfja og læknishjálpar. Ívilnun kemur því almennt ekki til greina nema kostnaður sé umfram það sem venjulegt telst.

Venjulegur almennur kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu hvers og eins einstaklings tekur mið af reglum um greiðsluþátttöku ríkisins, sbr. upplýsingar sem fram koma á vef Sjúkratrygginga Íslands þar um hverju sinni (sjukra.is). Er í því sambandi miðað við kostnað einstaklings fyrir lækniþjónustu, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun, rannsóknir, geisla- og myndgreiningar, meðferð húðsjúkdóma og þjónustu sálfræðinga sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Á sama hátt er miðað við að venjulegur almennur kostnaður vegna lyfjakaupa sé sá kostnaður sem einstaklingi er að hámarki gert að greiða samkvæmt greiðsluþátttökukerfi ríkisins, sbr. upplýsingar á vef Sjúkratrygginga Íslands þar um hverju sinni (sjukra.is). Sértekur kostnaður er sá kostnaður sem fellur ekki undir greiðsluþátttöku ríkisins, t.d. ákveðinn lyfjakostnaður, eða kostnaður sem fellur ekki undir framangreinda skilgreiningu á því sem telst venjulegur heilbrigðiskostnaður, eins og t.d. kostnaður við heymartæki og tannviðgerðir vegna sjúkdóma.

Skert gjaldþol er að jafnaði reiknað út frá birtum dæmigerðum neysluviðmiðum félagsmálaráðuneytisins 2019 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga miðað við birt gildi vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu neysluverðs í október 2025. Telji umsækjandi að gjaldþol hans hafi skerst umfram það sem útreikningur samkvæmt reglunum sýnir ber honum að rökstyðja það sérstaklega og leggja fram skýringar og eftir atvikum gögn.

A.1. Vegna mannsláts (samanber 1. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Við mat á ívilnun er einkum litið til útfararkostnaðar og eins ef til fellur annar kostnaður vegna andlátsins, sem telst verulegur.

Sé kostnaður 1.500.000 kr. eða lægri, þarf ekki að tilgreina sundurliðaðar fjárhæðir. Ef óskað er eftir hærri ívilnun þarf að gera sundurliðaða grein fyrir þeim kostnaði sem til féll. Ívilnun verður ekki hærri en 2.100.000 kr.

nema í sérstökum undantekningartilvikum.

A.2. Vegna veikinda, slysa, eða ellihrörleika (samanber 1. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Komi lækkun til álíta er reiknaður saman sá kostnaður sem heimilt er að horfa til og einstaklingurinn hefur greitt sjálfur og reynist umfram það sem telst venjulegur kostnaður, t.d. vegna lyfja og læknishjálpar. Almennur venjulegur kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja telst að jafnaði geta numið samtals 180.000 kr. á ári hjá hverjum og einum en 115.000 kr. í tilviki aldraðra og öryrkja. Að auki er tekið tillit til sértæks heilbrigðiskostnaðar sem ekki er inni í greiðsluþáttökukerfi ríkisins að neinu leyti eða einungis að hluta til, s.s. vegna kostnaðar við tiltekin lyf og heyrnartæki, og greiddur er af viðkomandi einstaklingi. Kostnaður telst almennt ekki verulegur fyrr en heildarfjárhæð hans nær tvöföldum almennum kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja á viðkomandi ári. Þannig fundin lækkun skerðist í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn vegna viðkomandi tekjuárs að viðbættum fjármagnstekjum og að frádregnum álögðum opinberum gjöldum, eða áætluðum opinberum gjöldum þegar umsókn er afgreidd við álagningu viðkomandi tekjuárs.

Almennt er miðað við að ívilnunarfjárhæð skerðist sé samanlagður tekjuskattsstofn hjóna og sambúðarfólks að frádregnum opinberum gjöldum umfram u.þ.b. 1,9 falt dæmigert neysluviðmið félagsmálaráðuneytisins 2019, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga miðað við birt gildi vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu neysluverðs í október 2025 fyrir hjón en falli alveg niður við 3,2 falt neysluviðmið fyrir hjón og er því að jafnaði engin ívilnun veitt þegar því marki er náð. Hjá einhleypum einstaklingi og einstæðu foreldri gerist þetta með sams konar hætti miðað við viðeigandi neysluviðmið. Hafi umsækjandi í lok tekjuárs á sínu framfæri börn sem eru yngri en 18 ára, eru lægri viðmiðunarmörkin hækkuð, hjá hjónum um 15% fyrir fyrsta barn og 7% fyrir hvert barn umfram eitt, en að hámarki 40% samtals og hjá einstæðu foreldri um 20% fyrir fyrsta barn og 10% fyrir hvert barn umfram eitt, en að hámarki 50% samtals.

Einnig er tekið tillit til hreinnar peningalegrar eignar umsækjenda, þ.e. peningalegar eignir (innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum, innstæður í erlendum bönkum, innlend og erlend verðbréf og kröfur) að frádregnum öðrum skuldum (reitur 5.5 í skattframtali, t.d. skuld við Menntasjóð námsmanna, ökutækjalán, yfirdráttarskuldir, skuldir við greiðslukortafyrirtæki, skuldir opinberra gjalda o.fl.). Sé greind hrein eign hjóna 22.500.000 kr. eða lægri reiknast engin skerðing, en nemi þannig reiknuð eign umfram skuldir 45.000.000 kr. eða hærri fjárhæð skerðist ívilnunarfjárhæðin að fullu og engin ívilnun að jafnaði veitt. Hjá einstaklingi og einstæðu foreldri gerist þetta á bilinu 15.400.000 – 31.450.000 kr.

Útreiknuð lækkun samkvæmt framangreindum viðmiðunum verður að nema að lágmarki 75.000 kr. annars kemur ívilnun ekki til álíta. Sé veitt ívilnun er útreiknuð lækkun á tekjuskattsstofni hækkuð eða lækkuð í næsta hálfa tugþúsund.

B. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað (samanber 2. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Við mat á ívilnun samkvæmt þessum tölulíð er fyrst og fremst litið til þess aukna framfærslukostnaðar umfram mótteknar bætur eða lífeyri sem sýnt er fram á að leiði af langvarandi sjúkdómi eða fötlun barns sem er á framfæri foreldra/forráðamanna. Ívilna skal þeim sem fer með forræði barnsins við þessar aðstæður óháð því hvernig gjaldþoli framferenda er farið. Ef um sameiginlega forsjá er að ræða og fyrir liggur ótvírætt að kostnaður er greiddur af báðum forsjáaðilum er ívilnunarfjárhæð skipt að jöfnu á milli þeirra.

Horft er til sömu viðmiðana um það hvað telst venjulegur og verulegur kostnaður og gert er varðandi veikindi, sbr. líð A.2 að framan, en miðað við fjárhæðir vegna barna samkvæmt greiðsluþáttökukerfi ríkisins, þ.e. sömu fjárhæðir og gilda um aldraða og öryrkja.

Sé veitt ívilnun er útreiknuð lækkun á tekjuskattsstofni hækkuð eða lækkuð í næsta hálfa tugþúsund.

C. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu (samanber 3. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Við ákvörðun á ívilnun vegna framfærslu vandamanna er fyrst litið til tekna þess sem framfærslu nýtur. Taka skal tillit til allra tekna, bóta og styrkja sem falla til vandamannsins, svo og eigna sem staðið geta undir framfærslu hans. Þá skal ennfremur líta til þess hvort sýnt hafi verið fram á aukinn framfærslukostnað á sama hátt og varðandi lið B varðandi langveik og/eða fötluð börn.

Að því gefnu að forsendur séu til að ívilna vegna framfærslu vandamanns skal taka mið af framfærslukostnaði samkvæmt dæmigerðum neysluviðmiðunum félagsmálaráðuneytisins 2019, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga miðað við birt gildi vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu neysluverðs í október 2025 og þess aukakostnaðar sem um er að ræða vegna veikinda eða annarra sérstakra atvika sem ekki er greiddur af öðrum. Almennt skal miða við að ákvarða ívilnunarfjárhæð að hámarki miðað við helming þess sem umsækjandi leggur til framfærslu vandamannsins að teknu tilliti til framfærslukostnaðar og tekna.

Sé veitt ívilnun er útreiknuð lækkun á tekjuskattstofni hækkuð eða lækkuð í næsta hálfa tugþúsund.

D. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri (samanber 4. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Við mat á ívilnun samkvæmt þessum tölulið er fyrst og fremst horft til þess að framteljandi hafi á framfæri sínu ungmenni á aldrinum 16-21 árs, sem er við nám eða hafi af öðrum ástæðum það lágar tekjur að þær duga ekki til framfærslu. Sé ungmennið í skóla þarf að tilgreina nafn skólans. Veiti námið rétt til námslána kemur lækkun ekki til álita. Mesta lækkun á tekjuskattstofni framfærenda við álagningu 2026 er 550.000 kr. Fjárhæðin lækkar um 1/3 af tekjum ungmennis og fellur því niður þegar tekjur þess ná 1.650.000 kr. Hafi ungmenni engar tekjur haft kemur fjárhæðin óskert til frádráttar. Lækkun skiptist jafnt á milli framfærenda en sé annað þeirra tekjulaust færirst öll fjárhæðin til lækkunar hjá hinu. Foreldrar sem ekki eru í samvistum, en hafa sameiginlegt forræði og annast báðir framfærslu, geta hvort um sig sótt um lækkun og er þá lækkuninni skipt jafnt á milli þeirra. Framfærandi sem ekki er með skráð lögheimili barns hjá sér þarf að senda forræðissamning með umsókn um lækkun vegna framfærslu ungmenna.

E. Eignatjón (samanber 5. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Hér undir fellur verulegt eignatjón sem einstaklingur fær ekki bætt úr hendi annarra aðila. Ívilnun kemur þannig ekki til álita ef mögulegt er að fá tjónið bætt að hluta eða öllu leyti. Tjón telst almennt ekki verulegt nema það nemi 1.050.000 kr. eða hærri fjárhæð.

Komi lækkun til álita miðað við eðli þess tjóns sem um ræðir er lagt mat á fjárhæð til lækkunar á skattstofnum. Horft er til hreinnar eignar umsækjanda við mat á því hvort tjón, sbr. ofangreint, verði talið hafa haft veruleg áhrif á fjárhag hans. Útreiknuð fjárhæð tjóns til lækkunar skerðist í jöfnu hlutfalli við hreina eign umsækjenda, þ.e. eignir alls að frádregnum skuldum. Sé samanlögð hrein eign hjóna 36.700.000 kr. eða lægri er engin skerðing, en nemi eignin 114.000.000 kr. eða hærri fjárhæð skerðist ívilnunarfjárhæðin að fullu og að jafnaði engin ívilnun veitt. Hjá einstaklingi og einstæðu foreldri miðast viðmiðunarfjárhæðir við hreina eign á bilinu 23.850.000-76.000.000 kr.

Hámarkslækkun skattstofna er að jafnaði miðuð við helming viðkomandi fjártjóns en hvert tilvik er metið fyrir sig.

Útreiknuð lækkun samkvæmt framangreindum viðmiðunum verður að nema að lágmarki 75.000 kr. annars kemur ívilnun ekki til álita. Sé veitt ívilnun er útreiknuð lækkun á tekjuskattstofni hækkuð eða lækkuð í næsta hálfa tugþúsund.

F. Tapaðar kröfur (samanber 6. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Lækkun kemur til álita hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki tengjast atvinnurekstri hans. Sama gildir m.a. um ábyrgðir sem fallið hafa á mann til greiðslu án möguleika á endurkröfu. Við mat á ívilnun er litið til fjártjóns umsækjanda vegna taps á útistandandi kröfum og hvort og hvernig það hefur skert gjaldþol hans verulega og er þá litið heildstætt til tekna, eigna og heildarfjárhæðar tapaðra krafna. Ekki er veitt lækkun vegna taps á hlutabréfum eða lánum sem tengjast atvinnurekstri. Sama á við um verðbréfaeign og hlutdeild í t.d. peningamarkaðssjóðum. Með atvinnurekstri í þessu sambandi er átt við atvinnurekstur sem einstaklingur hefur með höndum og eignarhlut í lögaðila sé hann verulegur. Eignarhlutur telst almennt verulegur ef hann er 20% eða meiri, enda sé ekki um að ræða lögaðila sem er að öðru leyti í eigu fjölskyldu eða samstarfsmanna.

Komi lækkun til álita er metið það tap sem heimilt er að horfa til. Sú fjárhæð skerðist almennt í jöfnu hlutfalli við tekjuskattstofn og fjármagnstekjur umsækjenda, að frádregnum reiknuðum opinberum gjöldum. Séu samanlagðar tekjur hjóna þannig reiknaðar 9.200.000 kr. eða lægri er engin skerðing, en nái þær 18.350.000 kr. skerðist ívilnunarfjárhæðin alla jafna að fullu og engin ívilnun yrði veitt. Hjá einstaklingi og einstæðu foreldri eru viðmiðunarfjárhæðir 6.400.000-12.000.000 kr.

Einnig er með sama hætti tekið tillit til hreinnar peningalegrar eignar umsækjenda, þ.e. peningalegar eignir (innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum, innstæður í erlendum bönkum, innlend og erlend verðbréf og kröfur) að frádregnum öðrum skuldum (reitur 5.5 í skattframtali, t.d. skuld við Menntasjóð námsmanna, ökutækjalán, yfirdráttarskuldir, skuldir við greiðslukortafyrirtæki, skuldir opinberra gjalda o.fl.). Sé greind hrein eign hjóna 11.300.000 kr. eða lægri reiknast engin skerðing, en nemi eignin 35.000.000 kr. eða hærri fjárhæð skerðist ívilnunarfjárhæðin alla jafna að fullu og engin ívilnun yrði veitt. Hjá einstaklingi og einstæðu foreldri gerist þetta á bilinu 7.900.000-22.800.000 kr.

Framangreindar skerðingarreglur eiga almennt við um fjártjón allt að 2.850.000 kr. Sé fjártjón yfir 2.850.000 kr. eiga reglurnar um skerðingu við allt að þeirri fjárhæð en síðan er horft til allt að helmingis þeirrar fjárhæðar sem umfram er 2.850.000 kr. við ákvörðun á lækkun skattstofna. Tjón af þessum toga telst almennt ekki verulegt nema það nemi 900.000 kr. eða hærri fjárhæð.

Hámarkslækkun skattstofna er að jafnaði miðuð við helming fjártjónsins en hvert tilvik er metið heildstætt fyrir sig.

Útreiknuð lækkun samkvæmt framgreindum viðmiðunum verður að nema að lágmarki 75.000 kr. annars kemur ívilnun ekki til álita. Sé veitt ívilnun er útreiknuð lækkun á tekjuskattstofni hækkuð eða lækkuð í næsta hálfa tugþúsund.

Reykjavík, 3. desember 2025.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.